



## Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum níunda árið í röð

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd nam 105 ma.kr. á síðasta ári. Þetta var 9. árið í röð þar sem afgangur mældist á þennan mælikvarða. Afgangurinn dróst saman um 50 ma.kr. frá fyrra ári og var þetta annað árið í röð sem afgangurinn dregst saman milli ára en hann nam 164 ma.kr. árið 2015. Af þessu 9 ára tímabili var afgangurinn minnstur í fyrra en hann var örlítið meiri árið 2012 þegar hann mældist 106 ma.kr.


### Þjónustuafgangur heldur einn uppi heildarafgangnum

Síðustu ár hefur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum einungis skýrst af afgangi af þjónustuviðskiptum þar sem vöruskiptaafgangur hefur verið neikvæður. Árið í fyrra var fjórða árið í röð sem halli mældist á vöruskiptum.


Vöruskiptahallinn mældist 169 ma.kr. í fyrra sem er mesti halli á vöruskiptum síðan árið 2006. Árið í fyrra var hins vegar það 11. í röð með jákvæðum þjónustuafgangi.

### Viðsnúningur á utanríkisviðskiptum á mestan þátt í sterkri krónu

Metstyrking hefur orðið á krónunni á síðustu árum. Þannig hefur ekki áður mælst jafn mikil styrking krónu á mælikvarða viðskiptaveginna gjaldmiðlakörfu eins og á síðustu tveimur árum<sup>1</sup>. Milli árunna 2015 og 2016 lækkaði gengisvísitala krónunnar 10,6%. Styrkingin varð eilítið meiri milli árunna 2016 og 2017 þegar gengisvísitalan lækkaði um 10,7%. Grunnurinn á bak við þessa styrkingu liggur í afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum býr til nettó gjaldeyrisinnflæði sem eykur eftirspurn eftir krónum. Til þess að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar styrkist krónan gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Þessi styrking krónunnar hefur síðan aftur áhrif á eftirspurn og verðmæti inn- og



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands

<sup>1</sup> Seðlabankinn hefur haldið úti gengisvísitölum síðan árið 1991. Sé litið aftur til tímabilsins fyrir tíma gengisvísitalna þarf að fara allt aftur til ársins 1934 til að finna meiri styrkingu en á milli árunna 1933 og 1934 lækkaði gengi Bandaríkjadollars um 16,7% gagnvart krónu.




útflutnings. Styrking krónunnar eykur kaupmátt innlendra aðila mælt í erlendri mynt og eykur þannig að öðru óbreyttu eftirspurn eftir innflutningi. Sterkari króna dregur hins vegar úr kaupmætti erlendra aðila í krónum og dregur þannig úr eftirspurn erlendra aðila eftir útflutningi Íslands. Þróun síðustu ára hefur verið sú að vöruinnflutningur hefur vaxið hraðar að magni til en útflutningur. Þannig óx innflutningur að meðaltali um 12,8% á árabílinu 2014-2017. Á sama tímabili óx útflutningur að meðaltali um 2,2%. Sterkari króna hefur einnig þrengt verulega að flestum útflutningsgreinum og hefur lagt stein í götu þeirra hvað frekari uppbyggingu varðar. Það hefur því aftur haft þau áhrif að vöxtur útflutnings hefur reynst minni en ella.


Sterkari króna hefur einnig haft töluverð áhrif á vöxt í innflutningi á þjónustu. Þannig nam meðalvöxtur í innflutningi þjónustu á árabílinu 2014-2017 um 11,8% miðað við fyrstu þrjá fjórðunga hvers árs.

### **Afgangurinn verður rakinn til uppgangs í ferðaþjónustu**

Það er engum blöðum um það að fletta að afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á síðustu árum verður nær einungis rakinn til mikils uppgangs í ferðaþjónustu hér á landi. Síðast mældist afgangur af vöruskiptum hér á landi árið 2013. Síðan þá hefur útflutningsverðmæti ferðaþjónustunnar aukist um 227 ma.kr. Á sama tímabili hefur útflutningsverðmæti bæði sjávarafurða og áls dregist saman. Samdrátturinn í sjávarafurðum nemur 70 ma.kr. en samdrátturinn í áli 17 ma.kr. Útflutningsverðmæti annars útflutnings jókst um 11 ma.kr. á þessu tímabili. Það má fyrst og fremst rekja til aukins útflutnings lækningavara, laxeldis og skipa. Umtalsverðan hluta af þessum samdrætti í sjávarafurðum og áli má einfaldlega rekja til sterkari krónu enda verða fremur litlar breytingar í útfluttu magni milli ára í þessum greinum. Innflutningsverðmæti vara hefur aukist um 142 ma.kr. og innflutningsverðmæti þjónustu hefur aukist um 55 ma.kr. á þessu tímabili.



Fyrstu þrjú ársfjórðungar hvers árs  
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.